

**49. fundur Samráðsnefndar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps
haldinn að Aðalstræti 63 , 6. júlí 2017 og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Ásgeir Sveinsson (ÁS), Magnús Jónsson (MJ), Friðbjörg Matthíasdóttir (FM),
Eva Dögg Jóhannesdóttir, Jón Örn Pálsson (JÖP) og Gerður Björk
Sveinsdóttir (GBS).

Fundargerð ritaði: Gerður Björk Sveinsdóttir,

Dagskrá:

1. Minjasafnið á Hnjóti - 1703043

Inga Hlín Valdimarsdóttir safnstjóri sat fundinn undir þessum lið. Hún fór yfir rekstur safnsins og sagði frá helstu verkefnum á vegum þess. Inga Hlín fór yfir helstu atriði ársreikningsins 2016. Ársreikningur 2016 lagður fram til staðfestingar. Samþykkt samhljóða.

Egill Ólafsson fulltrúi afkomenda í stjórn safnsins átti þess ekki kost að sækja fundinn en hefur fengið kynningu á ársreikningi. Formanni samráðsnefndar falið að fá undirskrift hans á skýrslu stjórnar jafnframt er formanni samráðsnefndar falið að ganga frá símastyrk við safnstjóra.

2. Íþróttafulltrúi Vesturbyggðar og HHF - úttektarskýrsla. - 1705050

Skýrsla frá Páli Vilhjálmsyni með úttekt á starfi íþróttafulltrúa og HHF lögð fram til kynningar. Ákveðið að boða formann HHF á næsta fund samráðsnefndar.

3. Samstarfssamningur um almenningsamgöngur - 1609032

Drög að útboðslýsingu fyrir almenningsamgöngur á sunnanverðum Vestfjörðum lögð fram til kynningar. Verkefnastjóri samfélagsuppbyggingar í Vesturbyggð kynnti.

4. Styrktarsjóður heilbrigðisstofnunar V-Barð - 1609050

Samráðsnefnd samþykkir að sótt verði um skilmálabreytingu láns vegna Aðalstrætis 90 á Patreksfirði.

5. Önnur mál - 1609051

Jón Örn Pálsson lýsir yfir áhyggjum sínum af framgangi mála hjá Fjallskilanefnd Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl.19:20 .

Ásgeir Sveinsson (ÁS)

Magnús Jónsson (MJ)

Friðbjörg Matthíasdóttir (FM)

Eva Dögg Jóhannesdóttir

Jón Örn Pálsson (JÖP)

Gerður Björk Sveinsdóttir
(GBS)
